

AUGLÝSING

um breytingar á deiliskipulagi í Reykjavíkurborg.

Hallarmúli 2.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti borgarráð Reykjavíkur, þann 13. september 2018, breytingu á deiliskipulagi Suðurlandsbrautar 2 vegna lóðarinnar nr. 2 við Hallarmúla. Í breytingunni felst að auka leyfilegt byggingarmagn, auka hæðafjölda á lóðinni, í byggingunni verður hótél, leyfilegur hæðafjöldi verður 5 hæðir, efsta hæðin verður inndregin frá Hallarmúla, bílastæði verða fjarlægð af yfirborði lóðarinnar og gerður bílakjallari. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Skipulagið öðlast þegar gildi.

Suður-Mjódd.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti borgarráð Reykjavíkur, þann 1. nóvember 2018, breytingu á deiliskipulagi Suður-Mjóddar. Í breytingunni felst stækkun á lóðinni við Álfabakka 4, aukning á nýtingu og byggingarmagni ásamt því að hámarkshæð bygginga hækkar auk uppfærðra kvaða um settjörn og legu rafstrengja. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Skipulagið öðlast þegar gildi.

Kjalarnes, Vallá.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti skipulagsfulltrúi Reykjavíkur, með vísan til heimilda um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa í viðauka við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar, þann 2. nóvember 2018, breytingu á deiliskipulagi Vallár á Kjalarnesi. Í breytingunni felst stækkun á byggingarreit A til suðurs og vesturs og bætt er við nýjum aðkomuvegi. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Kjalarnes, Jörfagrund 54-60.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti skipulagsfulltrúi Reykjavíkur, með vísan til heimilda um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa í viðauka við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar, þann 16. nóvember 2018, breytingu á deiliskipulagi Grundarhverfis vegna lóðarinnar nr. 54-60 við Jörfagrund. Í breytingunni felst að íbúðum er fjölgað úr átta í þrettán, hús fært frammar í lóðina og bílastæði fært aftar í lóð. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Skipulagsfulltrúi Reykjavíkur, 3. desember 2018.

Björn Axelsson.

B-deild – Útgáfud.: 17. desember 2018